

Grunnskóli Reyðarfjarðar



Innra mat skólans 2021-2022



Hugröckku ❤️ er ekkert ómögulegt



Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Framkvæmdaskýrsla sjálfsmats.....	4
3. Matsgögn og framkvæmd sjálfsmats	5
3.1 Skólapúlsinn - nemendakönnun.....	5
3.2 Olweus	5
3.3 Ungt fólk, Krakkarnir í hverfinu	5
3.4 Heilsa og lífskjör.....	5
4. Niðurstöður sjálfsmats	5
4.1. Skólapúlsinn - nemendakönnun.....	5
4.2. Olweus	11
4.3. Ungt fólk - Krakkarnir í hverfinu 2022.....	14
4.4. Heilsa og lífskjör.....	15
4.5. Mat á skólastarfinu.....	15
5. Fylgiskjöl.....	18
5.1. Fylgiskjal 1.....	18
5.2. Fylgiskjal 2.....	20
5.3. Fylgiskjal 3.....	21

1. Inngangur

Grunnskóli Reyðarfjarðar er heildstæður grunnskóli með nemendum frá 1. – 10. bekk. Auk þess er boðið upp á lengda viðveru fyrir nemendum 1. – 4. bekkjar í Skólaseli, að skóla loknum. Ásta Ásgeirsdóttir er skólastjóri, Guðlaug Árnadóttir aðstoðarskólastjóri og Dána Ívarsdóttir deildarstjóri sérkennslu í 75% starfi. Við skólann störfuðu 23 starfsmenn við kennslu, átta stuðningsfulltrúar, fjórir starfsmenn í Skólaseli og þrír skólaliðar auk húsvarðar og ritara í 50% starfi. Forstöðumaður bókasafnsins starfar einnig við skólann í 50 % starfi. Einn kennari sinnti starfi námsráðgjafi í 50 % starfshlutfalli. Nemendur síðasta vetur voru 194.

Barna- og unglingaskóli Búðareyrar eins og Grunnskóli Reyðarfjarðar nefndist áður fyrr, er nánast jafngamall byggðinni og samofinn sögu hennar. Núverandi skólahúsnæðið er að hluta til í nýlegu húsnæði sem tekið var í notkun haustið 2006. Í skólanum er góður hátíðarsalur, bókasafn sem einnig gegnir hlutverki bæjarbókasafns og tónlistarskóli Reyðarfjarðar. Ofan við skólann er skólalóðin og íþróttahús með sundlaug rétt við skólahúsið. Auk þess er íþróttahöll Fjarðabyggðar steinsnar frá. Undanfarin ár hefur verið unnið að byggingu nýs íþróttahúss á skólalöðinni. Lögð er áhersla á list- og verkgreinar í Grunnskóla Reyðarfjarðar og samþættingu námsgreina.

Einkunnarorð skólans eru:

Hugrökkun  er ekkert ómögulegt



2. Framkvæmdaskýrsla sjálfsmats		
Tími:	Þetta var gert:	Þátttakendur:
Ágúst	Samantekt á mati starfsmanna á starfi síðasta vetrar lögð fyrir kennarafund á starfsdögum. Unnið var úr niðurstöðum og ný verkáætlun samin.	Matshópur Kennarar
Sept.	Unnið að skimunum samkvæmt skimunaráætlun.	Matshópur Umsjónarkennarar Sérkennarar
Okt.	Skólapúlsinn lagður fyrir.	Skólapúlsinn aðstoðarskólastjóri
Nóv.	Niðurstöður októberkönnunar Skólapúlsins skoðaðar og greindar. Unnin kynning fyrir starfsfólk og foreldra. Borið saman við aðgerðaáætlun síðasta árs. Farið yfir skimanir haustannar og þær bornar saman við niðurstöður síðasta árs.	Matshópur
Des.	Fara yfir starf vetrarins fram til þessa og áætlun vorannar endurmetin.	Kennarar Aðstoðarskólastjóri
Janúar	Rýnt í niðurstöður Olweusar. Könnunin Ung fólk lögð fyrir nemendur 8. – 10. bekkjar.	Matshópur Umsjónarkennarar
Febrúar	Niðurstöður Olweusarkönnunar kynntar fyrir nemendum, foreldrum og starfsfólki. Útbúin aðgerðaáætlun.	Matshópur Umsjónarkennarar
Mars	PISA könnun lögð fyrir nemendur 10. bekkjar Unnið að skýrslu vetrarins. Rýnt í niðurstöður könnunarinnar Ung fólk.	Tengiliður Menntamálastofnunar Matshópur
Apríl	Nemendakönnun Skólapúlsins lögð fyrir. Könnunin Heilsa og lífskjör lögð fyrir nemendur í 4., 6., 8 og 10. bekk.	Skólapúlsinn aðstoðarskólastjóri
Maí	Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins greindar. Unnin kynning fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk. Greinagerð samin fyrir heimasíðu. Unnið að skýrslu vetrarins.	Matshópur

3. Matsgögn og framkvæmd sjálfsmats

Við sjálfsmat Grunnskóla Reyðarfjarðar skólaárið 2020 – 2021 var stuðst við eftirfarandi matstæki:

3.1 Skólapúlsinn - nemendakönnun

Nemendur í 6. – 10. bekk svara þar spurningum um líðan þeirra í skólanum, virkni í námi og um skóla- og bekkjaranda. Helmingur nemendahópsins svarar spurningalistum í október. Hinn helmingur hópsins svarar samskonar spurningum í apríl. Þannig má fylgjast með líðan og virkni nemenda það skólaárið auk þess sem bera má niðurstöðurnar saman við niðurstöður annarra skóla í landinu sem notast einnig við Skólapúlsinn.

3.2 Olweus

Könnun um einelti var lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk í desember, líkt og gert hefur verið undanfarin ár.

3.3 Ungt fólk, Krakkarnir í hverfinu

Könnunin Ungt fólk, Krakkarnir í hverfinu, var lögð fyrir nemendur í 8. – 10. bekk í janúar 2022. Markmiðið með þessari könnun er að kanna líðan nemenda, viðhorf til fíkniefna og samskipi við jafnaðra og foreldra. Það voru 38 nemendur í Grunnskóla Reyðarfjarðar sem svöruðu könnuninni. Rannsóknir og greining halda utan um fyrirlögn og úrvinnslu könnunarinnar.

3.4 Heilsa og lífshjör

Í apríl var lögð fyrir nemendur í 4., 6., 8. og 10. bekk könnun á vegum mennta- og menningarráðuneytisins, með aðkomu félagsmálaráðuneytisins. Í rannsókninni er spurt um viðhorf til skólans, um lífstíl, næringu, hreyfingu, tómstundir, óhöpp, tannhirðu, líðan, félagsleg tengsl og umhverfi nemenda m.m.


4. Niðurstöður sjálfsmats

4.1. Skólapúlsinn - nemendakönnun

Skólapúlsinn veturinn 2021-2022


Nemendakönnun er lögð fyrir nemendur 6. – 10. bekkjar tvisvar á skólaárinu. Hópnum er skipt í tvennt. Annar hluti tók könnunina í október en hinn í apríl.

1.1.1 Ég les bara þegar ég verð að gera það.*




Áhugi á lestri hefur aðeins dvínað hjá okkur þannig að við þurfum að vera á verðinum. Tæplega helmingur nemenda segist eingöngu lesa af skyldurækni.

1.2.2 Þegar ég læri þá held ég áfram jafnvel þó efnið sé erfitt.




Nemendur Grunnskóla Reyðarfjarðar halda áfram að sýna þrautseigju. Enginn segist gefst alveg upp þó námsefnið sé erfitt en 24 stundum. Drengir eru hér þrautseigari en jafnaldrar þeirra almennt.

1.3.4 Ég hef áhuga á því sem ég læri í stærðfræði.




Strákar hafa meiri áhuga á stærðfræði en stelpur en 8. bekkur virðist sá bekkur sem hefur minnstan áhuga. Kannski er það vegna þess að þar eru svo fáir strákar. Alla vegana virðist áhugi á stærðfræði í Grunnskóla Reyðarfjarðar aðeins vera að aukast en tæplega helmingur nemenda segist ekki hafa áhuga á því sem þau eru að læra í stærðfræði.




Áhugi nemenda Grunnskóla Reyðarfjarðar á náttúrufræði er heldur lítill en 40 nemendur af 87 segjast ekki hafa áhuga á því að læra um náttúrufræði. Áhugi drengja er minni en stúlkna.

5 nemendur segjast ekki geta einbeitt sér að námi í kennslustundum




Og 18 nemendur eiga í vandræðum með að muna upplýsingar sem þeir fá í kennslustundum og úr námsefninu.

1.5.5 Að muna upplýsingar sem ég fæ í kennslustundum og úr námsbókum




2.6.1 Á síðustu 30 dögum, hve mörgum sinnum hefur þú verið lagður/lögð í einelti í skólanum?



Það eru 6 nemendur sem segjast hafa verið lagðir í einelti sl. 30 daga 1 – 3 sinnum. Þau nefna það að þau séu stundum einmana og leið yfir því sem aðrir krakkar segi við þau. Helstu staðir eineltis eru frímínútur, bæði úti og inni.

2.8.2 Hve oft stundar þú íþróttir (æfir eða keppir) með íþróttafélagi?*




Spurt er um tíðni hreyfingar innan og utan skólans. Reiknað er hlutfall nemenda sem segjast gera allt eftirtalið tvisvar í viku eða oftar:

- Taka þátt í líkamsþjálfun í skólanum utan leikfimitíma
- Stunda íþróttir með íþróttafélagi
- Hreyfa sig þannig að þeir mæðist og svitni utan íþróttæfinga og skóla


Líkt og undanfarin ár hreyfa nemendur okkar sig allt of lítið og stúlkur mun minna en drengir.

2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar – Kyn*




Í skólanum mínum...

3.1.1 á ég auðvelt með að eignast vini.




Þegar spurt er um hversu vel þau upplifa sig tengjast félagahópnum í skólanum segist 21 nemenda eiga erfitt með að eignast vini.

3.1.2 tilheyri ég hópnum.



18 nemendur upplifa það að þeir standi fyrir utan hópinn sinn í skólanum.


3.2. Samband nemenda við kennara – Kyn*



Drengir virðast treysta kennurunum sínum betur en stúlkur en 21 nemanda segist ekki semja vel við flesta kennara eða hafa það á tilfinningunni að þeir beri hag þeirra sér fyrir brjósti.

Hve oft gerist eftirfarandi í kennslutímum hjá þér?


3.3.1 Kennarinn þarf að bíða lengi eftir því að nemendur róist.




Í opnum svörum kvarta nemendur mikið yfir hávaða í tímum. 17 nemenur segja að kennarar þurfi að bíða lengi eftir því að nemendur róist svo hægt sé að hefja kennslu, 13 nemendur segja að nemendur hlusti aldrei á kennarann og 37 nemendur segja að það sé hávaði og óróleiki í flestum tímum.

Hve oft gerist eftirfarandi í kennslutímum hjá þér?

3.4.1 Nemendur fá tækifæri til að útskýra hugmyndir sínar.*



Virgni og þátttaka nemenda í tímum er hér yfir landsmeðaltali og kannski kemur það út sem truflun fyrir suma.



Í þessum matsþætti er spurt um leiðsagnarnám, hve mikla endurgjöf nemendur telja sig fá frá kennurum sínum um nám og færni. 19 nemendur segjast aldrei fá slíka endurgjöf en 35 oft eða næstum alltaf.

Opin svör

Flestir nefna að í skólanum séu allir eru góðir og samheldnir og að þeim líði þar vel. Þeim finnst gott að vera með vinum sínum, andrúmsloftið í skólanum er gott, kennarar hjálpa þeim sem eru hjálpar þurfi og smiðjurnar eru geggjaðar. Nokkrir telja námsráðgjafann einn af styrkleikum skólans. Í opnum svörum segja nemendur að kennarar séu sanngjarnir, vingjarnlegir og hjálpsamir og að þróttir séu skemmtilegar.

Það sem betur má fara er að heldur oft er mikill hávaði bæði í matsal og í kennslustundum sem nemendur kvarta sáran yfir. Hávaðinn í kennslustundum veldur þeim mikilli truflun. Maturinn er oft nefndur sem ókostur á vorönn en að hausti og alltaf kvarta einhverjir undan símareglunum.

4.2. Olweus

Niðurstöður Olweusar. Könnun lögð fyrir 5. – 10. bekk, tekin í nóvember 2021.

Þegar könnunin er lögð fyrir nemendur er byrjað á því að skilgreina hvað felst í hugtakiinu einelti. Nemendur virðast þó eiga erfitt með að greina á milli eineltis og stríðni eða tímabundinna samskiptaerfiðleika við félag. Þrátt fyrir að það sé ítrekað að þau horfi aðeins til þess tíma sem liðinn er af þessu skólaári vilja nemendur, sérstaklega þeir yngri, rifja upp atburði frá liðnum árum. Vegna þessa er oft erfitt að greina raunverulega tíðni eineltis. Þrátt fyrir það eru þessar niðurstöður mikilvægt verkfæri fyrir kennara að ígrunda með sínum nemendahópi.

- Þegar spurt er: Hve oft hefur þú orðið fyrir einelti í skólanum undanfarna mánuði? Kemur fram að níu stúlkur og sex drengur segjast hafa orðið fyrir einelti í skólanum. Níu þeirra sem svara segjast það hafa gerst mjög sjaldan.

- Þegar spurt er um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir einelti með meiðandi orðum eða athugasemdum um húðlit eða erlendan uppruna svarar ein stúlka því að það gerist einu sinni í viku, ein stúlka að það gerist 2 – 3 sinnum í mánuði og tvær stúlkur og fjórir drengir að það gerist mjög sjaldan.
- Þegar nemendur eru spurðir að því hversu oft þeir óttast að verða lagðir í einelti af samnemendum sínum segjast átján nemendur öðru hverju, fremur oft, oft eða mjög oft óttast það að verða lögð í einelti.
- Þegar nemendur eru spurðir að því hversu oft þeir hafa sjálfir tekið þátt í að leggja nemendur í einelti undanfarna mánuði segist ein stúlka og sex drengir hafa gert það bara einstaka sinnum. Aðrir nemendur kannast ekki við að hafa tekið þátt í að leggja aðra í einelti.
- Enginn nemanda segist vinalaus í skólanum. Fimm stúlkur og tveir segjast eiga eina góða vinkonu eða vin en aðrir nemendur sem svara þessari spurningu eiga tvo vini eða fleiri.

Það er mikilvægt að segja frá líði manni illa. Þess vegna er spurning þess efnis lögð fyrir nemendur til að kanna hvort þau kjósi frekar að segja ekki frá vanlíðan sinni.

- Í niðurstöðunum kemur fram að nemendur kjósa að segja umsjónarkennara eða öðrum fullorðnum í skólanum frá, foreldri eða vini.

Samkennd er dyggð sem við viljum að nemendur okkar nái að tileinka sér. Þess vegna er mikilvægt að sjá hvernig þeir hugsa sér að bregðast við sjái þau að einhverjum líði illa eða verði fyrir einelti.

- Langflestir segjast vorkenna viðkomandi og vilja koma til aðstoðar. Tveimur stúlkum og þremur drengjum er hálfpartinn sama þegar þau sjá einhvern lagðan í einelti.

Í könnuninni eru nemendur spurðir um hversu oft kennarar eða aðrir fullorðnir í skólanum reyna að gera eitthvað til að stöðva einelti gegn nemanda í skólanum. Nemendur þurfa oft að fá aðstoð við þessa spurningu og er það kannski ekkert undarlegt að svo sé. Fullorðna fólkið í skólanum tilkynnir sjaldnast fyrirfram að verið sé að vinna gegn einelti eða andfélagslegri hegðun. Ef nemendur eru spurðir hvort haldnir séu bekkjarfundir, hvort kennarar ræði við nemendur um framkomu og samskipti eiga nemendur auðveldara með að taka afstöðu til hvort unnið sé gegn einelti í skólanum.

- Fjórar stúlkur og átta drengir segja að kennarar eða aðrir fullorðnir geri aldrei neitt til að stöðva einelti, fjórar stúlkur og þrír drengir segja einstaka sinnum og níu stúlkur og fimm

drengir öðru hverju. Meiri hluti bæði drengja og stúlkna hafa trú á að fullorðnir í skólanum vinni gegn einelti.

- Þegar nemendur eru spurðir að því hversu oft aðrir nemendur geri eitthvað til að stöðva einelti eru það mjög svipaðar fjöldi hjá báðum kynjum sem bera ekki mikið traust til samnemenda sinna. Sjö stúlkur og tíu drengir segja aðra nemendur gera næstu aldrei neitt, 4 stúlkur og 4 drengir einstaka sinnum og 16 stúlkur og 13 drengir öðru hverju.
- Spurningunni um það hversu oft heimilið hafi haft samband við skólann til að stöðva eineltið svara fjórar stúlkur og einn drengur. Ein stúlka og einn drengur segja að einu sinni hafi verið haft samband og tvær stúlkur og einn drengur segja að oft hafi verið haft samband við skólann til að stöðva einelti.
- Fleiri drengjum en stúlkum líður vel eða mjög vel í skólanum. Tveimur stúlkum líður mjög illa en fimm stúlkum og einum dreng líður illa. Nýju stúlkum og fjórum drengjum líður hvorki vel né illa.

Niðurstöðum Olweusar ber saman við niðurstöður Skólapúlssins. Það eru fleiri stúlkur en drengir sem svara því til að þeim líði illa í skólanum.

Í Grunnskóla Reyðarfjarðar vinnum við eftir skýrum verkferlum við úrvinnslu eineltismála. Felast þeir í því að í skólanum starfar eineltisteymi sem í sitja námsráðgjafi skólans, deildarstjóri sérkennslu og aðstoðarskólastjóri. Komi upp eineltismál er þeim vísað til eineltisteymis til frekari úrvinnslu. Tilvísunin þarf að vera skrifleg og undirrituð. Aðilar eineltis eru síðan kallaðir í viðtöl, fyrst hver í sínu lagi en síðan saman. Tekin eru viðtöl með stuttu millibili þar til málin leysast. Sé máli lokið að mati málssaðila eru málalok undirrituð af þeim sem tilkynnti um málið í upphafi. Foreldrar eru vel upplýstir á meðan á vinnslu mála standur.

Síðasta vetur komu þrjú mál til eineltisteymis og voru þau öll leyst fyrir skólalok. Þó þarf að fara yfir þau næsta haust til að tryggja að allir séu sáttir.

Hér kemur yfirlit yfir niðurstöður Olweusar könnunarinnar síðustu sex ára.

Fjöldi þátttakenda

	2016	2017	2018	2019	2021	2022
stelpur	39	39	54	58	58	54
strákar	40	57	61	55	58	61
heild	88	96	115	113	116	115

Mér líkar illa að vera í skólanum

stelpur	1	4	7	8	5	7
strákar	0	2	1	2	2	1

Ég á engan vin í skólanum

stelpur	1	1	0	2	0	0
strákar	1	0	0	0	1	0

Ég hef orðið fyrir einelti í skólanum einu sinni í viku eða oft

stelpur	1	2	2	2	1	2
strákar	1	2	1	1	0	1

Hvar fer eineltið fram?

	2016	2017	2018	2019	2021	2022
á skólalóðinni	4	10	4	6	5	4
á göngunum	3	5	5	10	1	5
í kennslustofu	2	2	3	6	1	3
Í kennslust. án kennara	4	2	4	2	3	4
á klósettinu	0	1	0	1	2	0
í leikfimissalnum	1	1	1	3	3	1
í búningsskl. /sturtu	4	1	1	3	2	1
í sundi	0	1	1	1	2	1
í búningssklefa í sundi	2	2	1	2	1	1
í matsalnum	1	4	4	2	1	4
á leið úr og í skóla	3	5	0	3	1	0
bið eftir að vera sótt	0	1	0	0	1	0
annars staðar	3	3	1	5	0	1

Hvað hugsar þú sjáir þú nemanda verða fyrir einelti?

	2016	2017	2018	2019	2021	2022
Hann/hún á það líklega skilið	0	2	0	2	7	0
Mér er hálfpartinn sama	2	2	5	7	14	5

Hve oft hefur þú tekið þátt í að leggja í einelti?

	2016	2017	2018	2019	2021	2022
Það hefur einstaka sinnum gerst	4	5	7	9	8	7
Oft en einstaka sinnum	1	0	0	1	0	0
Oft í viku	0	0	0	0	1	0

4.3. Ungt fólk - Krakkarnir í hverfinu 2022

Fyrirtækið Rannsókn og greining hefur frá árinu 1992 lagt fyrir ungmenni spurningalista þar sem spurt er um hagi og líðan barnanna. Mikill árangur hefur náðst á þeim tíma gagnvart notkun ungs fólks á tóbaki og áfengi. Könnunin er lögð fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk. Alls tóku 38 nemendur af 50 þátt að þessu sinni.

Í niðurstöðum þessa árs kemur fram að 25% þeirra sem könnuninni svara telja andlega heilsu sína mjög góða og 76% segjast vera hamingjusöm. Aðeins 32% segjast fá oft eða alltaf nægan svefn.

Þegar nemendur eru spurðir um frítíma sinn segist um helmingur aðspurðra verja meira en 3 klukkutímum á dag á samfélagsmiðlum og um 40% ver meira en 3 klukkustundum á dag í að spila tölvuleiki. Þriðjungur segist hafa fengið send andstyggileg eða særandi

skilaboð. Ríflega 60% stúlkna sem svöruðu könnuninni segjast hafa verið beðnar um að senda ögrandi mynd eða nektarmynd af sér en enginn drengur.

Einn fjórði nemenda segist drekka einn eða fleiri orkudrykki á dag, 3% nota nikótínþúða daglega og sami fjöldi notar rafrettur daglega.

Af þessum niðurstöðum má sjá að nemendur verja miklum tíma á netinu og skilaboðin sem þar ganga á milli eru ekki alltaf uppbyggileg. Styrkja þarf sjálfsmynd nemenda og sjálfsöryggi til að verjast slíkum leiðindum. Taka þarf tíma í að ræða um andlega líðan, hvað felist í andlegri vellíðan og hvernig við getum styrkt og aukið hana.

4.4. Heilsa og lífskjör

Íslenska æskulýðsrannsóknin er rannsókn sem Háskóli Íslands framkvæmir fyrir Mennta- og barnamálaráðuneytið á grundvelli 12. gr. æskulýðslaga. Markmið verkefnisins er að safna gögnum um velferð og viðhorf barna og ungs fólks. Könnunina tóku nánast allir nemendur í 4., 6., 8. og 10. bekk.

Nemendur 4. bekkjar eru almennt ánægðir með skólann sinn, bekkjarfélag og kennarana sína. Helmingi nemenda finnst skólamatuirnn góður. Þriðjungur er stressaður yfir því að ljúka heimanáminu sínu. Það er athyglisvert í ljósi þess að eina heimanám nemenda í 4. bekk er heimalestur. Nær þriðjungur er oft þreyttur í skólanum.

Nemendur 6., 8. og 10. bekkjar eru almennt ánægðir í skólanum, 8. bekkingar þó síst. Nemendur 6. bekkjar hafa upplifað einelti í bekknum en aðrir mun minna. Flestir sjá tilgang með náminu en þó nemendur 10. bekkjar síst eða 59% aðspurðra. Margir nemendur upplifa álag vegna heimanáms, 6. bekkur 31% nemenda, 8. bekkur, 57% og 10. bekkur 38% nemenda. Enginn nemandi í 6. og 10. bekk segist stunda skipulagða hreyfingu daglega en 14% nemenda í 8. bekk gerir það. Nemendur segjast þreyttir daglega í skólanum, 31% 6. bekkinga, 57% 8. bekkinga og 56% 10. bekkinga. Nemendur 6. bekkjar treysta helst kennurunum sínum vel, aðeins 21% 8. bekkinga og 35% 10. bekkinga.

Þessar niðurstöður sýna að við þurfum að gefa okkur tíma til að rýna í leiðir til að styrkja vellíðan nemenda sem mest og best, ábyrgð þeirra á eigin líðan og hvaða leiðir við getum farið til að liða vel og verið hamingjusöm. Auka þarf sjálfstæði nemenda í námi og ábyrgð þeirra á náminu sínu. En fyrst og fremst þarf að hvetja nemendur til aukinnar hreyfingar og tryggja þeim góðan nætursvefn og hvíld.

4.5. Mat á skólastarfinu

Á starfsdögum að vori rýnum við í starf vetrarins með það að leiðarljósi að greina þá þætti sem hafa gengið vel og við viljum viðhalda og hverju megi breyta.

Það sem okkur hefur tekist vel til með í starfi Grunnskóla Reyðarfjarðar 2021-2022.

- Allir vinna saman
- Samheldinn og skemmtilegur hópur.
- Jákvæður andi meðal starfsfólks og hjálpsemi. Við megum gera mistök.
- Skólabragurinn er góður.
- Við erum lausnamiðuð, engin vandamál, bara verkefni til að leysa.
- Leysum vel þau verkefni sem við tökum að okkur.
- Reynum að mæta nemendum á þeirra forsendum.

- Grípum inn í vandamál nemenda og hjálpum þeim að finna lausnir.
- Fjölbreyttir kennsluhættir.
- Skapandi nemendur sem fá að njóta hæfileika sinna.
- Þemastarf sem frumkvöðlastarf.
- Héldum áfram að nota ýmist skipulag sem tekið var í gagnið á Covid tímanum t.d. í matsal og á göngum.
- Skólinn opnar kl. 7:45
- Mismunandi inngangar fyrir nemendur.
- Tókum á móti nemendum að morgni og allir fara beint í sínar heimastofur.
- Erum dugleg að fylgjast með og endurmennta okkur.
- Gengur vel að framfylgja símabanni.
- Gengur vel að taka á móti nýbúum.
- Þeir nemendur sem sýndu áhættuhegðun og vanlíðan eru flest allir byrjaðir í ákveðnu ferli eða byrja strax að hausti 2021.
- Austurlandslíkni, Sprettur fór af stað, samvinna margra fagaðila fór vel af stað.
- Vorum vel vakandi og fylgdumst vel með nemendum og tilkynntum til barnaverndar ef það þurfti.
- Fengum nýjar tölvur fyrir starfsmenn.
- Hver kennari á unglingadeild fer á milli kennslustofa.
- Netsamband hefur batnað mikið.
- Nýttum betur samráðstíma, árgangafundi ofl. til að læra hvert af öðru.

Það sem hefur ekki gengið eins vel:

- Skil á heimanámi misjöfn.
- Kenna nýliðum á Mentor
- Auka teymisvinnu
- Hefðum mátt passa betur upp á handþvott
- Virkja betur umsjónarmenn í bekkjum
- Umgengni nemenda á eigum skólans
- Samstarf við félagsmiðstöðina

Það sem við ætlum að gera næsta vetur til að gera starfið enn betra:

- Passau upp á handþvott
- Takmarka aðgang forráðamanna að kennslustundum, byrja hjá ritara.
- Virkja betur umsjónarmenn í bekkjum
- Flétta vistspor og umhverfisvernd inn í allar greinar.
- Lesskilningur.
- Nýta tölvur og i-pada enn betur eftir innleiðingu.
- Auka teymisvinnu
- Innleiða starfendarannsóknir hjá öllum kennurum skólans ásamt stjórnendum.
- Minnka pappírnotkun.
- Þurfum að bæta aðstöðu stuðningsfulltrúa og annarra starfsmanna.

- Kenna þarf nýliðum betur á Mentor strax í upphafi skólaárs.
- Hafa gaman saman.
- Ganga vel um starfsaðstöðu okkar.
- Bæta við heimanámstímum
- Gefa nemendum aukið frelsi við skil á verkefnum
- Halda áfram að kenna um nánasta umhverfi
- Vera dugleg að nýta okkur tækni í kennslu t.d. Classroom, Seesaw, Osmo og forritun
- Byrja að endurnýja húsgögn fyrir nemendur.
- Auka samstarf við félagsmiðstöðina
- Hefja samstarf við Verkmenntaskólan um nám í iðngreinum, valáfangar

5. LOKAORÐ

Markmið innra mats

Samkvæmt Aðalnámskrá Grunnskóla frá 2013 er „Mat á skólastarfi liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Markmið mats og eftirlits er einkum þrípætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskráa. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.“(28)

Samkvæmt Skólanámskrá Grunnskóla Reyðarfjarðar er „Tilgangurinn með innra mati skóla að fá yfirlit yfir sem flesta þætti í skólastarfinu og er formlegt og opinbert sjálfsmat gott tæki skólans til að gera innra starf markvissara í þágu nemenda, starfsmanna og foreldra.” (8)

Tilgangurinn með innra mati skóla er því að fá yfirlit yfir sem flesta þætti í skólastarfinu og gerir það skólanum kleift að byggja ákvarðanir um starfið á meðvituðu, formlegu mati á því hvernig skólinn stendur sig, hvað vel er gert og hvað þarf að bæta, með hagsmuni nemenda að leiðarljósi. Innra mat snýst með öðrum orðum um að skólasamfélagið læri saman, hampi því sem vel er gert og vinni saman að umbótum.

Það er óhætt, að mati þeirra er skipa sjálfsmatshóp, að segja að þær kannanir sem lagðar hafa verið fyrir nemendur og foreldra bendi til þess að metnaðarfullt starf sé unnið í Grunnskóla Reyðarfjarðar. Það er þó ekkert launungarmál að alltaf er hægt að gera betur og verður áfram unnið markvisst að umbótarstarfi við skólann.

Reyðarfirði júní 2022
Guðlaug Árnadóttir
Aðstoðarskólastjóri

5. Fylgiskjöl

5.1. Fylgiskjal 1

Langtímaáætlun um innra mat Grunnskóla Reyðarfjarðar

Viðfangsefni	2017-2018	2018-2019	2019-2020	2020-2021	2021 - 2022
Nám og kennsla:					
Niðurstöður prófa og skimana.	x	x	x	x	x
Námsumhverfi og skipulag náms (Nemendkönnun).		x	x	x	x
Kennsluhættir og gæði kennslu.	x	x	x	x	x
Námshættir og námsvitund (Skólapúlsinn)	x	x	x	x	x
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda (Skólapúlsinn)	x	x	x	x	x
Skóli án aðgreiningar.	x	x	x	x	x
Mannauður:					
Fagmennska starfsfólks	x	x	x	x	x
Starfendarannsóknir umsjónakennarar og stjórnendur					x
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað (Fjarðabyggð)		x		x	x
Stjórnun og skipulag:					
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x	x	x	x
Stjórnun skólans (Fjarðabyggð)		x		x	x
Faglegt samstarf	x	x	x	x	x
Skólaþróun og starfsþróun		x		x	x
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.	x	x	x	x	x
Skólabragur:					
Viðmót og menning (Olweus og Skólapúlsinn)	x	x	x	x	x
Velferð og líðan nemenda (Skólapúlsinn)	x	x	x	x	x

Samstarf heimila og skóla (Foreldrakönnun Skólapúlsinn)	x		x		x
Innra mat					
Framkvæmd innra mats	x	x	x	x	x
Umbótastarf í kjölfar innra mats	x	x	x	x	x

5.2. Fylgiskjal 2

Skimunaráætlun Grunnskóla Reyðarfjarðar 2021 – 2022

Bekkur	haustönn	miðönn	vorönn
1.	Lesferill - lesfimi í sept. lesskimun í okt. Læsi, lestrarskimun, 2. - 13. nóv.	Lesferill, lesfimi - janúar Læsi, lestrarskimun, 1. - 12. feb.	Lesferill, lesfimi - maí
2.	Lesferill, lesfimi september Læsi, lestrarskimun, 2. - 13. nóv.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Lesmál, mat á lestri og rétttritun, 7. - 14. apríl
3.	Lesferill, lesfimi - september Talnalykill, stærðfræðigreining - 10. nóv. Orðarún, lestur/lesskilningur 4. - 8. okt	Lesferill, lesfimi - janúar Logos, 20. - 21. jan.	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur 2. - 6. maí
4.	Lesferill, lesfimi - september Orðarún, lestur/lesskilningur 4. - 8. okt	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur 2. - 6. maí
5.	Lesferill, lesfimi og hliðarpróf - september Orðarún, lestur/lesskilningur 4. - 8. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur 2. - 6. maí
6.	Lesferill, lesfimi - september Logos, með talnalykli 15. - 18 og 20. okt. Orðarún, lestur/lesskilningur 4. - 8. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur 2. - 6. maí
7.	Lesferill, lesfimi - september Orðarún, lestur/lesskilningur 4. - 8. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur 2. - 6. maí
8.	Lesferill, lesfimi - september Orðarún, lestur/lesskilningur 4. - 8. okt.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí Orðarún, lestur/lesskilningur 2. - 6. maí
9.	Lesferill, lesfimi - september Logos, 13. sept.	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí
10.	Lesferill, lesfimi - september	Lesferill, lesfimi - janúar	Lesferill, lesfimi - maí

5.3. Fylgiskjal 3

Úrbótaáætlun í kjölfar Skólapúlsins 2021-2022

Júní 2022

1. Virkni nemenda í skólanum	Niðurstöður sýna	Leiðir til úrbóta	Framkvæmdaraðilar
Ánægja af lestri	- að áhugi á lestri er áfram meiri hér en á landsvísu - að stór hópur nemenda les eingöngu vegna þess að þeir þurfa þess. - að 13 nemendur telja lestur tímasóun Ánægja af lestri dalar og nú les um helmingur eingöngu af skyldurækni. Hvernig getum við aukið áhuga þeirra? Við verðum að vanda til frjálslestrartímanna.	Þar sem stór hluti nemenda les eingöngu þegar þeir verða að gera það er mikilvægt að viðhalda frjálslestrartímum í skólanum. Mikilvægt að skerpa reglur um hvenær megi skipta á bókum og hvernig eigi að halda utan um lestur hvers og eins. - Stýra ferðum á bókasafn, helst ekki í frjálslestrartíma. - Hafa bækur eða tímarit í stofunum til að grípa í. - Útbúa leslista fyrir unglingastig. - Heimalestrarbækur eiga að vera á íslensku eða á móðurmáli barns. - Mikilvægt að kennarinn lesi líka í frjálslestrarbók.	Kennarar

Þrautseigja í námi	að nemendur segjast almennt leggja sig fram í námi en 24 segjast stundum halda áfram ef efnið er erfitt.	Mikilvægt að efla þrautseigju nemenda með því að styrkja námsvitund þeirra og hæfni til að gefa sér tíma til ígrundunar m.a. með innleiðingu leiðsagnarnáms. Sjálfsshrós Djúpköfun, köfun, snorkl Hafa hæfnikortin sýnilegri/vegabréf Skilgreina markvisst hlutverk hvers og eins	Skólastjórnendur Kennarar
Áhugi á stærðfræði	- að áhugi á stærðfræði dalar á unglingastigi - að 45 nemendur hlakka sjaldan eða aldrei til stærðfræðitíma - að 38 nemandur segist ekki hafa áhuga á stærðfræði	Viðhalda áhuga nemenda á stærðfræði sem þeir sýna á yngri stigum með því að hafa fjölbreyttari kennsluhætti, tengja stærðfræði meira inn í daglegt líf, gera tilraunir, auka verklega kennslu. Fella stærðfræði aftur inn í þemanámið og rauntengja hana meira.	Kennarar
Ánægja af náttúrufræði	- að auka þarf áhuga nemenda á náttúrufræði - að 40 nemendur hafa lítinn eða mjög lítinn áhuga á að læra um náttúruna.	Mikilvægt að efla áhuga nemenda á náttúrufræði og vitund þeirra um mikilvægi náttúruverndar og þeirrar ábyrgðar sem þeir ásamt öllum öðrum bera. Nota fjölbreyttari kennsluhætti.	Kennarar Skólastjórnendur

		Auka þarf verklega kennslu með fámennari hópa, efla útikennslu. Bæta aðstöðu til verklegrar kennslu	
Trú á eigin vinnubrögð í námi	• að strákar hafa meiri trú á eigin vinnubrögðum í námi en stúlkur • að almennt telja nemendur sig geta einbeitt sér að námi og haldið utan um það. • að 5 nemendur eru í vandræðum með einbeitingu og skipulag	Efla þarf námsvitund allra nemenda og ábyrgð þeirra á eigin námi m.a. með innleiðingu leiðsagnarnáms. Einstaklingsmiða Styrkja samvinnu og samábyrgð	Skólastjórnendur Kennarar

Trú á eigin námsgetu	• að strákar virðast hafa meiri trú á námsgetu sinni en stelpur • að 2 nemendur segjast eiga í erfiðleikum með að læra íslensku • 7 stærðfræði • 7 ensku • 3 íþróttir og sund • 8 náttúrufræði og umhverfismennt	Strákar hafa meiri trú á sér sem námsmenn. Styrkja þarf stúlkurnar með leiðsagnarnámi. Mikilvægt er að taka umræðu um niðurstöðurnar með nemendum til að reyna að varpa ljósi á hvað valdi nemendum erfiðleikum. Niðurstöðurnar undirstrika mikilvægi einstaklingsmiðunar náms. Hvetja nemendur til að mæta í heimanám (sérstaklega þá sem virkilega þurfa á því að halda eða þegar þeir eru að vinna sérstök verkefni) og gera samninga ef þurfa þykir.	
2. Líðan og heilsa	Leiðir til úrbóta		Framkvæmdaraðilar
Sjálfsálit	• að strákar hafa sterkari sjálfsmynd en stúlkur. • sjálfsálit minnkar á unglingastigi • 16 nemendur eru ósammála eða mjög ósammála því að þeir séu jafn mikils virði og aðrir	Styrkja þarf vissu allra nemenda um eigið ágæti. Vinna þarf markvisst með Verfærakistu Vöndu þar sem unnið er með jákvæð samskipti og sjálfsmynd.	Kennarar

	• 39 nemendur upplifa sig stundum ekki skipta neinu máli fyrir aðra.		
Stjórn á eigin lífi	• að nemendum þykir erfitt að hafa stjórn á ýmsum þáttum í eigin lífi. • að 41 nemendi upplifir það að aðrir stjórni lífi þeirra of mikið. • að 19 nemendur segja eiga erfitt með að einbeita sér. • 50 nemandur segjast oft eiga erfitt með að vita hvað eigi að gera þegar staðið er frammi fyrir vandamáli í lífinu.	Strákum finnst þeir hafa meiri stjórn á eigin lífi en stelpum. Styrkja þarf sjálfsmynd nemenda með því að fá fyrirlestra um sjálfstyrkingu og vinna markvisst með Verkfærakistuna. Auka samstarf við félagsmiðstöðvarnar.	Kennarar

Vellíðan	• að líðan nemanda hafi almennt batnað frá því sem var. • að líðan stráka er almennt betri en líðan stúlkna. • að líðan nemenda í elstu bekkjunum er verri en líðan þeirra yngri. • að 20 – 25 nemendur finna fyrir áhyggjum og stressi. • að námið valdi sumum kvíða en oft eru það ytri þættir sem valda nemendum áhyggjum og kvíða.	Styrkja þarf sjálfsmynd og líðan nemenda. Fá fyrirlestur um að kvíði er eðlilegur og mikilvægt að ná að geta tekist á við eðlilegan kvíða og sýna seiglu og þrautseigju. Fá fagaðila til að flytja fyrirlestra.	Kennarar
Einelti	• að 6 nemendur segjast stundum eða oft vera beittir ofbeldi • að 13 nemendur upplifa það oft eða stundum að vera skildir útundan. • að 10-25 krakkar upplifa stundum eða oft baktal eða vonda framkomu annarra gagnvart sér.	Vinna þarf áfram með Verkfærakistu Vöndu Sigurgeirsdóttir við að styrkja sjálfsmynd nemenda og að vera jákvæðir leiðtogar bæði í sínu lífi og annarra. Styrkja þarf gæslu í frímínútum og afþreyingarmöguleika nemenda. Gera könnun á unglingastigi varðandi einelti í frímínútum	Kennarar Stjórnendur

Tíðni hreyfingar – 2 í viku eða oftar	• að stúlkur stunda mun sjaldnar reglulega hreyfingu en drengir • að 45 nemendur stunda nánast aldrei æfingar með Íþróttafélagi • að 3 nemendur stunda nánast aldrei hreyfingu þannig að þeir mæðist eða svitni	Efla þarf áhuga nemenda á því að gera markvissa hreyfingu að þeirra lífsstíl Eiga þarf gott samstarf við íþróttahreyfinguna. Fá fyrirslestur frá SAFT um skjátíma og hafa skyldumætingu foreldra..	Stjórnendur Kennarar
3. Skóla og bekkjarandi	Leiðir til úrbóta		Framkvæmdaraðilar
Samsömun við nemendahópinn	• að 21 nemendur segjast ekki eiga auðvelt með að eignast vini • að 19 nemendur upplifa sig ekki tilheyra hópnum • að 11 nemendur telja að öðrum líki ekkert sérstaklega vel við þá	Leggja þarf áherslu á félagsfærni nemenda. Vinna þarf markvisst með Verkfærakistuna og nýta bekkjarfundi til félagsmótunar og styrkja tengslin innan bekkjarins.	Kennarar
Samband nemenda við kennara	• að nemendur telja sig almennt eiga gott samstarf við kennarana sína • að nemendur í elstu bekkjunum semur síður við kennarana sína. • að 14 nemendur telja sig ekki fá þá aðstoð sem þeir þurfa.	Efla þarf leiðsagnarnám þar sem áhersla er lögð á sjálfstæði nemenda og einstaklingsmiðun náms.	Kennarar

Agi í tímum	• að stúlkum þykir oft meira agaleysi en drengjum • að agaleysi kemur frekar fram í elstu bekkjunum • að 17 nemandi telur að kennarinn þurfi að bíða nánast alltaf lengi eftir því að nemendur róist, til að hefja kennslu • 13 nemendur telja sig ekki geta unnið vel í tímum • 37 nemandi segir hávaða og óróleika í nánast öllum tímum.	Viðmið um óæskilega hegðun þarf að skerpa. Innleiðing leiðsagnarnáms til að auka ábyrgð nemenda á eigin námi. Covid hefur kennt okkur að það að halda reglu og aga skilar sér í góðum vinnufrið	Skólastjórnendur Kennarar
Virk þátttaka nemenda í tímum	• að nemendur virðast almennt telja þátttöku nemenda í tímum mikla og að þeir fái að koma skoðunum sínum á framfæri	Styrkja námsvitund nemenda með einstaklingsviðtölum Styrkja þarf enn frekar þemanám á unglingastigi	Kennarar
Tíðni leiðsagnarmats	• að 17 nemendur upplifa það að kennararnir tali aldrei við þá um námsgengi þeirra. • að 19 nemendur fá ekki leiðsögn kennara um hvað þurfi að gera til að ganga betur í námi.	Efla þarf leiðsagnarnám með það að leiðarljósi að styrkja námsvitund nemenda. Styrkja námsvitund nemenda með einstaklingsviðtölum	Stjórnendur Kennarar

Lykiltölur í lífi barna 2022

8.-10.bekkur

Vellíðan

25%



Meta andlega heilsu
sína mjög góða

76%



Segjast vera mjög eða
frekar hamingjusöm

32%

Meta svo að þau fái oft
eða alltaf nægan svefn á
virkum dögum

Frítími

49%

Eyða meira en 3 klukkutímum
á dag á samfélagsmiðlum



38%

Eyða meira en 3 klukkutímum
á dag að spila tölvuleiki



11%

Voru úti eftir miðnætti
einu sinni eða oftar
síðastliðna viku



Netheimar

29%

Hafa fengið send
andstyggileg eða
særandi skilaboð

61%

Af stelpum hafa verið beðnar um
að senda ögrandi mynd eða
nektarmynd af sér

0%

Af strákum hafa verið beðnir um
að senda ögrandi mynd eða
nektarmynd af sér

Neysla

Af nemendum nota
nikótínþúða daglega

3%



Af nemendum nota
rafrettur daglega

3%



Drekka einn eða fleiri
orkudrykki daglega

25%



